

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 7. maí 2020
2005003 KBR

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025, 643. mál.

Jafnréttisstofa fagnar framkominni þingsályktunartillögu og telur hana mikilvægt skref til þess að takast á við kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni í skólastarfi á öllum skólastigum, á frístundaheimilum, í félagsmiðstöðvum, íþróttastarfi, æskulýðsstarfi og öðru tómstundastarfi.

Áætlunin byggir á breiðu samráði þeirra aðila sem málið varðar og er að mati Jafnréttisstofu til þess fallin að skila góðum árangri sé henni fylgt vel eftir. Starf forvarnafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga mun þar skipta höfuðmáli. Það er afar jákvætt að lagt er upp með viðtæka samvinnu skólasamfélags og fagaðila í ofbeldisforvörnum, sem og mikilvægt samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Samkvæmt tillögunni mun Jafnréttisstofa bera ábyrgð á tveimur aðgerðum. Annars vegar A.7. *Fræðsluáttak um vernd gegn kynferðislegri friðhelgi* og hins vegar D.5. *Efning kynjafræðikennslu*. Jafnréttisstofa lítur svo á að hér sé um ákveðin þróunarverkefni að ræða sem skila ættu þekkingu og reynslu þannig að hægt sé að taka frekari skref í þessa átt í framtíðinni. Það er mat Jafnréttisstofu að kynjafræði þurfi að verða skyldunámsgrein í kennaramenntun til þess að hægt sé að festa námsgreinina í sessi á öllum skólastigum.

Virðingarfyllst,



Katrín Björg Ríkarðsdóttir

framkvæmdastjóri